



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. apríl 2012

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 73/2005 um skipan ferðamála, með síðari breytingum. 623. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar fengu tækifæri til þess að skipa fulltrúa í nefnd iðnaðarráðuneytisins sem ætlað var að gera tillögu að frumvarpi til nýrra laga um skipan ferðamála. Það er skemmt frá því að segja að lítið tillit var tekið til tillagna nefndarinnar og samráðið, sem fjallað er um í greinargerð við frumvarpið, reyndist meira til málamynda. Samtökin gera því eftirfarandi athugasemdir:

1. grein

Það er skoðun Samtaka ferðaþjónustunnar að Ferðamálastofa eigi fyrst og fremst að verða eftirlitsaðili og leyfisveitandi. Markaðsmál verði því ekki á hendi hennar enda er það skoðun SAF að það gangi gegn góðum stjórnsýsluháttum að eftirlitsaðili og leyfisveitandi séu að vinna að markaðsmálum og uppbyggingu ferðaþjónustunnar innanlands með þeim sem þeir eiga að hafa eftirlit með. Skoða þarf betur hvar markaðsmálum innanlands verði best fyrir komið.

2. grein

Í Ferðamálaráði í dag eiga Samtök ferðaþjónustunnar 3 fulltrúa af 10 en skv. frumvarpinu munu samtökin eiga 2 fulltrúa af 12 í samráðsvettvangi. Fulltrúum fyrirtækja í greininni fækkar því úr 30% í 16.7%. Lagt er til að fulltrúar fyrirtækja haldi sínu hlutfalli.

4. grein

Í frumvarpinu má mistúlka hversu víðtækt ferðaskipuleggjandaleyfi er. Þar sem þátttaka ferðamanns í frístundaiðju er ekki tilgreind getur hvers konar leiksýning, tónleikar og önnur afþreying, þar sem ferðamenn eru aðeins áhorfendur, verið leyfissskyld. Einnig er hugtakið „í atvinnuskyni“ skilgreint á þann hátt að ekki er miðað við að hagnaður hljótist af leyfissskyldri starfsemi. Starfshópurinn, sem vann að frumvarpinu, skilaði inn ítarlegri tillögu að skilgreiningu og eru SAF með eftirfarandi tillögu sem unnin er upp úr tillögum starfshópsins:

„Ferðaskipuleggjandi merkir í lögum þessum aðili, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili, sem hvort sem er að eigin frumkvæði eða að beiðni viðskiptavinar, setur saman, skipuleggur og/eða framleiðir, býður fram og selur í atvinnuskyni hvers kyns ferðir/og eða ferðatengda afþreyingu

sem felur í sér þátttöku viðskiptavinar í ýmis konar frístundaiðju og fellur ekki undir skilgreiningu alferðar. Með sölu í atvinnuskyni er átt við að leyfishafi skipuleggi, framleiði og selji ferðir gegn endurgjaldi og hafi af því einhverjar tekjur.“

Lagt er ennfremur til að rekstrarleyfin verði númeruð, viðskiptavinum og eftirlitsaðilum til glöggvunar þar sem fyrirtækin eru oft rekin undir öðrum nöfnum en heiti ferðaþjónustuaðilans.

5. grein

b). Því er fagnað að 8. mgr. falli brott. Samtökin hafa lengi barist fyrir því að ferðafélög lúti sömu reglum og þau fyrirtæki sem þau eru í samkeppni við.

7. grein

(um 9 grein laganna, tvær nýjar greinar 9a og 9b)

SAF fagna því að öryggi sé eftt í ferðaþjónustunni og ljóst að krafa um að fyrir hendi sé öryggisáætlun mun auka öryggi og gæði í greininni. Starfshópurinn, sem vann að undirbúningi á breytingum laganna, hafði það að markmiði að sá aðili sem hygðist bjóða upp á ferðir í atvinnuskyni þyrfti að gera sér grein fyrir í hverju starfsemin fælist, hvaða hættur væru fyrir hendi og hvernig viðkomandi ætlaði að bregðast við hættu. Ábyrgð rekstraraðila þarf að vera skýr og á hlutverk Ferðamálastofu aðeins að felast í móttöku á staðfestingu þess efnis að öryggisáætlun sé fyrir hendi og eftirliti með því.

Í 2. mgr. er kveðið á um að rekstraraðili geri viðskiptavinum grein fyrir þeim hættum sem í ferð felast. Það verður aldrei hægt að gera tæmandi lista yfir slíkt. Það er þó sjálfsagt að gera viðskiptavinum grein fyrir helstu áhættuþáttum sem í ferð felast. SAF leggja til að 2 mgr. verði eftirfarandi: „*Leyfishafi skal meta mögulegar áhættur í þeim ferðum sem búið er upp á og gera viðskiptavinum grein fyrir helstu áhættuþáttum.*“

Í 5. mgr. er kveðið á um að Ferðamálastofa birti öryggisáætlanir þannig að þær séu aðgengilegar almenningi. Öryggisáætlun er eign rekstraraðila og geta þar komið fram margir þættir sem varða viðskiptahagsmuni viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtæki geta sent öryggisáætlanir eða úrdrátt úr öryggisáætlunum á viðskiptavini sína sé þess óskað til að sýna fram á hugsanlegt samkeppnisforskot. SAF leggja til því alfarið gegn því að Ferðamálastofa birti öryggisáætlanir opinberlega þar sem þær verði aðgengilegar öðrum rekstraraðilum sem geta afritað þær og er þá meginmarkmið með öryggisáætlunum unnið fyrir gíg.

Í 6. mgr. er kveðið á um að öryggisáætlanir skuli vera á íslensku og skilað inn á sérstöku eyðublaði sem Ferðamálastofa útbýr. Í mörgum greinum ferðaþjónustu er öryggi skilgreint samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og verður öryggisáætlun að vera jafnframt á ensku án þess að Ferðamálastofa þurfi að úrskurða um það. Ljóst er að fyrirtæki, sem selja þjónustu sína til erlendra aðila, munu einnig gera öryggisáætlanir á því tungumáli sem viðskiptin fara fram á. Í stað þess að það verði lögbundið hlutverk Ferðamálastofu að útbúa eyðublað fyrir öryggisáætlanir þá telja SAF að árangursríkara sé að fyrir hendi séu ábendingar um hvað þurfi að

vera í öryggisáætlun. Opinbert eyðublað getur leitt til minni undirbúnings fyrirtækjanna í þessu skyni.

9. grein

Miklar umræður hafa verið innan greinarinnar um þær tryggingar sem fyrirtækjum er skylt að leggja fram, ekki síst vegna sífjölgaandi tilvika þar sem fyrirtæki bjóða alferðir með mjög löngu millibili, jafnvel eru dæmi um eina alferð á ári. Í stað þess að tryggja þessa einu ferð með fullnægjandi hætti, er fyrirtækjunum gert að liggja inni með dýrar tryggingar allt árið. Við þessu þarf að bregðast. Það eru ennfremur miklar sveiflur í sölu alferða hjá ferðaskrifstofum almennt. Sem dæmi um vandamál þá hefur, allt frá hrúni, verið ómögulegt fyrir fyrirtækin að kaupa bankatryggingu og hafa þau því þurft að liggja með fé, oft mjög mikið, bundið inn á bankabók með neikvæðum vöxtum. Það er því brýnt að þessi trygging sé ekki á hverjum tíma hærri en nauðsyn ber til. Það er því lagt til að heildarendurskoðun verði gerð á tryggingakafla laganna og lýsa samtökin sig reiðubúin til að taka þátt í þeirri vinnu.

14. grein

Samkvæmt frumvarpinu er um mjög mikla hækkun að ræða frá núgildandi lögum og ljóst að frumvarpið gerir ráð fyrir mun meiri kostnaði hjá minni fyrirtækjum en önnur rekstrarleyfi í ferðaþjónustu t.d. rekstrarleyfi gististaða og bílaleiga. Tveir neðstu flokkar gistileyfa gera ráð fyrir gjaldi að upphæð kr. 24.000 og síðan kostar endurnýjun leyfisins að fjórum árum liðnum kr. 7.100. Bílaleiguleyfi kostar kr. 25.000. Fjöldamörg fyrirtæki, sem skipuleggja og selja ferðir, eru smá og þarf að taka tillit til þess. SAF telja að það sé ekki hlutverk Ferðamálastofu að yfirfara öryggisáætlanir heldur hafa eftirlit með því að öryggisáætlanir séu gerðar og til staðar hjá fyrirtækjunum. SAF mótmæla því innheimtu sérstaks gjalds fyrir móttöku og birtingu öryggisáætlana.

Samtök Ferðaþjónustunnar styðja auknar kröfur er snúa að gæðum og öryggi ferðamanna sem á að vera tryggt hjá fagaðilum með fullgild rekstrarleyfi. Samtökin hafa ítrekað bent á máttleysi eftirlitsaðila með leyfiskyldri starfsemi sem m.a. grefur undan samkeppnishæfni fyrirtækja. Gæði og öryggi ferðamanna er ógnað auk þess sem lögboðin gjöld skila sér ekki til ríkisjóðs. Eftirlitið þarf að vera mun virkara en það er í dag og brýnast að ákvæði 26. greinar laganna um stöðvun starfsemi leyfislausra fyrirtækja verði nýtt.

Fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar eru reiðubúin til viðræðna um frumvarp þetta.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri